**Fylgiskjal 7**

30. nóvember 2000

Helga Aðalgeirsdóttir
Vegagerðin
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

**Efni: Hringvegur um Norðurárdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.**

Á sameiginlegum fundi stjórna Héraðsvatna- og Norðurárdeildar haldinn 29. nóvember 2000 á Sauðárkróki var samþykkt eftirfarandi:

Harðlega er mótmælt hugmyndum um stíflu í Norðurá vegna virkjanaframkvæmda eða annars sem mundi eyðileggja allt hrygningar- og uppeldissvæði bleikju í Norðurá og aðliggjandi þverám.

Einnig mótmælum við því alfarið að Norðurá verði veitt úr núverandi farvegi eins og ein hugmynd vegagerðarinnar gerir ráð fyrir.

Við sem erum nákunnugir náttúrufari á þessu svæði teljum að Norðurá ásamt aðliggjandi þverám sé eitt mikilvægasta hrygningar- og uppeldissvæði bleikju fyrir allt Héraðsvatnasvæðið. Vísum við í þessu sambandi til álits fiskifræðinga sem rannsakað hafa umrætt vatnasvæði.

Vegna hugmynda um framangreinda stíflu í Norðurá bendum við jafnframt á að slíkt lón mundi fyllast mjög fljótt vegna mikils framburðar af aur og grjóti í flóðum, jafnvel á einu til tveimur árum ef skriður féllu.

Virðingarfyllst,

Gunnar Oddsson

Valdimar Guðmannsson

Jón Sigurjónsson